
Skólphreinsistöð á Djúpavogi, Múlþingi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 24. mars 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá HEF veitum ehf. um skólphreinsistöð á Djúpavogi, Múlþingi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlþings, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknastofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skólphreinsistöð á Djúpavogi, Múlþing, matsskyldufyrirspurn. HEF Veitur – Efla. 24. mars 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Múlþingi 4. maí 2022, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 13. apríl 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 4. maí 2022, Minjastofnun Íslands 5. maí 2022 og Hafrannsóknastofnun 3. maí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 5. og 12. maí 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að setja færanlega einingu á Langatanga, norðaustan við bæjarstæðið Djúpavog. Inni í einingunni verður hreinsibúnaður stöðvarinnar en auk hennar þarf útrás frá hreinsistöð út í sjó, aðkomuveg að hreinsivirkinu og lögn frá byggð að hreinsivirki. Endanleg staðasetning hreinsivirkisins hefur ekki verið ákveðin en til skoðunar eru tveir staðir á Langatanga, valkostur 1 og valkostur 2 (sjá mynd). Áformað er að grafa 15 m² gám inn í landið, sem verður svo hulinn jarðvegi að undanskildum hurðum sem koma til með að snúa í átt að sjó. Framkvæmdaraðili hyggst hefja framkvæmdir sumarið 2022. Framkvæmdasvæðið er innan hverfisverndaðs svæðis; *Búlandsnes* sem nýtur verndar vegna jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja og er um að ræða tiltölulega óraskaða landslagsheild nærri þéttbýli.

Áætlaðar persónueiningar þorpsins, ferðamanna og iðnaðar er um 1.100 pe. Afköst fyrirhugaðrar hreinsistöðvar eru um 250 m³/klst. eða 69 l/s. Útrás stöðvarinnar verður um 135 metra plastlögn og endar hún um 5 metra undir stórstraumsfjöruborði. Lögnin verður grafin í jörðu frá hreinsimannvirkinu út að fjöru en þar verður hún grafin eins langt niður út í fjöruna og hægt er, eftir það verður henni sökk.

Aðkomuvegur verður lagður að hreinsivirkinu og má gera ráð fyrir að hann verði um 400 m langur, 5 m breiður og um 0,6 m þykkur. Áætluð efnisþörf í slóðann er um 1.450 m³ og verður efnið sótt í opnar námur innan sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands veltir fyrir sér hvort lögn sem ætluð er fyrir útrás stöðvarinnar sé nægilega löng þar sem hún endi í opinni vík sem sé að hluta til í skjóli og að lengri lögn myndi tryggja að hreinsað skólp þynnist fyrr og betur og draga þannig úr líkum á mögulegri mengun á



fjörusvæðum. Stofnunin telur einnig að skýra mætti betur frá því hvernig straumar á þessu svæði virka og hver ríkjandi vindátt sé. Þá telur stofnunin að almennt megi færa betri rök fyrir því hvers vegna þessi staðsetning sé talin heppilegust fyrir skólphreinsistöð með tilliti til strauma og vatnsskipta.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til ábendinga Náttúrufræðistofnunar Íslands við endanlega hönnun og þegar framkvæmdaraðili sækir um framkvæmdarleyfi. Einnig kemur fram að ákveðið hafi verið að styðjast við fyrirliggjandi gögn um straummælingar og að bestu fáanlegu gögnin hafi verið straummælingar frá Svarthamarsvík en að gera megi ráð fyrir ákveðinni skekkju þegar straumar séu túlkaðir fyrir svæðið utan við Langatanga en framkvæmdaraðili telji að gögnin gefi nokkuð áreiðanlega mynd af straumum við Langatanga.



Mynd 1. Staðsetning tveggja valkosta á staðsetningu hreinsivirkis, lagnaleiða og aðkomuvegar (mynd úr greinargerð framkvæmdaraðila).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum HEF Veitna og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á gróður og vistkerfi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkist fjaran sem setfjara og hafi svæðið verið skilgreint sem líflítill sandfjara. Einnig kemur fram að vatn safnist saman og myndi lítil votlendissvæði innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og að tekið verði mið af votlendissvæðum við endanlega hönnun slóðagerðar, lagnaleiða og staðsetningar fyrir hreinsimannvirki. Framkvæmdaraðili telur að áhrif slóðagerðar og jarðvinnu fyrir hreinsimannvirkið komi til með að hafa varanleg áhrif á gróðurþekju svæðisins en með því að minnka áhrifasvæðið eins mikið og hægt sé takmarki framkvæmdaraðili óþarfa rask. Endanleg staðsetning slóða, lagna og mannvirkja hafi ekki verið ákveðin en framkvæmdaraðili metur að



valkostur 1 muni hafa í för með sér lítilliga minni áhrif á gróður og vistkerfi í ljósi þess að raska þurfi minni svæði vegna slóðagerðar.

Í umsögn Múlaþings kemur fram að gera þurfi betur grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna neikvæðra áhrifa á gróður á framkvæmdarsvæðinu þar sem um sé að ræða svæði sem njóti hverfisverndar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að til greina komi að halda gróðurhulu, sem tekin verði ofan af framkvæmdarsvæðinu, til hliðar og endurnýta hana til að græða upp mögulegt rask eftir að framkvæmdum ljúki. Nánari útfærsla varðandi framkvæmdartíma og mótvægisáðgerðir verði ákveðin í samráði við Múlaþing þegar framkvæmdaraðili sækir um framkvæmdaleyfi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að við lagningu aðkomuvegar sé mjög mikilvægt að reynt sé að sneiða framhjá votlendi eins og hægt sé og til að draga úr raski ætti að horfa til þess að lega lagnarinnar frá byggð að hreinsistöð verði í samfellu við legu aðkomuvegarins. Stofnunin telur byggingu hreinsistöðvarinnar mjög jákvætt skref en vegna staðsetningar á óröskuðu verndarsvæði þurfi að vanda mjög til verka við framkvæmdina og að nýta staðargróður við frágang.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sérstakt tillit verði tekið til verðmætra vistgerða, búsvæða fugla og smádyra við endanlega hönnun framkvæmdarinnar.

Áhrif á fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á Búlandsnesi séu mikilvæg varplönd fyrir fugla. Framkvæmdaraðili metur að fuglalíf komi til með að verða fyrir tímabundum neikvæðum áhrifum á framkvæmdartíma auk þess sem möguleg búsvæðaeyðing muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á fuglalíf á landi. Framkvæmdin muni hins vegar koma til með að hafa jákvæð áhrif á fuglalíf í sjó þar sem fráveita muni ekki lengur fara óhreinsuð til sjávar.

Í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Múlaþings er lögð áhersla á að framkvæmdir fari ekki fram á varptíma fugla á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nánari útfærsla varðandi framkvæmdartíma og mótvægisáðgerðir verði ákveðin í samráði við Múlaþing þegar framkvæmdaraðili sækir um framkvæmdarleyfi.

Áhrif á ásjúnd og upplifun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Búlandsnes njóti hverfisverndar m.a. vegna þess að svæðið sé talið vera tiltölulega óröskuð landslagsheild. Fram kemur að með valkosti 2 verði sjónræn áhrif minni þar sem mannvirkið muni standa nokkuð lægra í landi en hreinsivirkið komi þó til með að verða sýnilegt frá útsýnisstaðnum við Bóndavörðu. Til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á ásjúnd og upplifun verði stöðin felld sem best að landslaginu í kring, stöðin verði grafin niður og hulin með jarðvegi fyrir utan hurð sem muni snúa að sjó.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að fjalla hefði þurft um um mögulegt ónæði af völdum lykta frá hreinsistöðinni og hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þrepasían sem verði notuð í hreinsistöðinni verði lokað kerfi og metur framkvæmdaraðili ólíklegt að frá henni stafi ónæði sökum lykta auk þess sem hreinsistöðin muni verða staðsett um 400 m frá næsta íbúðarhúsi. Lyktarónæðis gæti gætt á göngustíg sem liggja nálægt fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og ef svo fari muni framkvæmdaraðili bregðast við með viðeigandi aðgerðum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.



5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020. Sveitarfélagið hefur hafið ferli við breytingar á aðalskipulagi þar sem gert verður ráð fyrir fráveitumannvirki fyrir sveitarfélagið. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Múlaþings samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Múlaþings samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirliti.

6 Niðurstaða

Um er að ræða uppsetningu á skólphreinsistöð á Langatanga, norðaustan við bæjarstæðið Djúpavog. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda, haf- og strandsvæða og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, m.a. umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er ekki stór í sniðum. Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felast fyrst og fremst í áhrifum á gróður, fuglalíf og ásýnd svæðisins. Svæðið nýtur hverfisverndar sem útivistarsvæði og tiltölulega ósnortin landslagsheild en rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda mun einungis verða á litlum hluta þess svæðis sem fellur undir hverfisverndina og ef hugað verði að því, eins og lýst er í greinargerð, að vanda val á staðsetningu hreinsistöðvar, aðkomuvegar og lagnaleiða með það að markmiði að áhrif á ásýnd verði sem minnst eru áhrif á ásýnd líkleg til að verða óveruleg. Lagnir, aðkomuvegur og hreinsistöð munu koma til með að liggja að einhverju leyti um votlendissvæði og valda röskun á gróðurfari á svæði sem nýtur hverfisverndar. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands um að reynt verði að sneiða framhjá votlendi eins og hægt sé og að lega lagnarinnar frá byggð að hreinsistöð verði í samfellu við legu aðkomuvegarins og að við frágang verði nýttur staðargróður. Áhrif framkvæmdanna á gróður er hægt að takmarka með mótvægisáðgerðum s.s. að staðsetning hreinsistöðvar verði valin út frá því að raska sem minnst svæðum með hátt verndargildi og að tekið verði frá gróðurlag sem síðan verði hægt að nota til að græða upp land sem raskist. Einhver truflun gæti verið á fuglalífi á framkvæmdatíma en ef framkvæmdir verða utan varptíma verða áhrif á fugla óveruleg. Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á viðtakann, lífríki í og við sjó á svæðinu og ásýnd svæðisins þar sem skólp mun fara hreinsað út í sjó og rusl því ekki fljótandi í fjöruborðinu. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. júlí 2022.

Reykjavík, 24. maí 2022

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir